

17. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 14. apríl 2011, kl. 11.40 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Helgi Jóhannsson formaður, Guðrún Unnsteinsdóttir, Sigurður Valur Ásbjarnarson, Aðalsteinn Þór Arnarsson, Kristján Hauksson, Bergþór Morthens fulltrúi kennara, Sunna Björg Valsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta skólanefndarfundar

Formaður bar fundargerð síðasta fundar upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt.

2. Stefnukort, lokaútgáfa

Skólameistari lagði fram lokaútgáfu stefnukorts skólans sem er hluti skólasamningsins. Drög að því voru lögð fram á síðasta skólanefndarfundi. Skólnefnd lýsir ánægju með kortið.

3. Útskrift, listsýning og ferðakynning

Í vor verða tveir nemendur útskrifaðir frá skólanum. Útskriftin mun verða þann 21. maí kl. 14. Skólanefndarmenn eru boðnir velkomnir að útskriftinni. Þann 14. maí verður sýning á verkum nemenda í skólanum ásamt ferðastefnu sem er afrakstur áfanga sem nefnist Tröllaskagi.

4. Ráðningar kennara fyrir haustið

Fyrir liggur að kennara vantar að skólanum næsta haust. Auglýsa verður eftir enskukennara þar sem núverandi enskukennari mun starfa við starfsbrautina næsta vetur. Einnig vantar kennara í hlutastarf í íslensku. Þá þarf trúlega að auglýsa kennslu í félagsvísindum, raunvísindum og spænsku. Þá eru uppi hugmyndir um að fjarkenna áfanga í samstarfi við aðra skóla.

5. Starfsbraut

Harpa Jörundardóttir hefur tekið að sér að skipuleggja starfsbrautina og er sú vinna hafin. Skólinn nýtur aðstoðar frá starfsbrautinni hjá FNV við skipulagninguna. Enn er ekki ljóst hvaða starfshlutfall verður við brautina.

6. Mætingar nemenda

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir stöðu á mætingum nemenda. Nemendum sem voru undir 90% mætingu í áföngum fengu sent áminningarbréf í byrjun apríl. Þeim er þar gefið tækifæri til að bæta ráð sitt til næstu mánaðamóta, ella eiga þeir á hættu að þurfa að semja við skólameistara og vera teknir inn á skilyrðum á næstu önn.

7. Forinnritun grunnskólanema

Í forinnritun 10. bekkinga sóttu 29 nemendur um skólann, þar af eru 7 með hann sem varaval og 5 fara á starfsbraut.

8. Laun skólanefndarmanna

Málinu var frestað á síðasta fundi nefndarinnar. Skólameistari leggur hér til að þar sem vantar tvo aðalfulltrúa verði samþykkt hér að ljúka málinu með aðalfulltrúum í tölvupósti. Guðrún Unnsteinsdóttir tók undir það að aðalmenn ættu að ljúka málinu. Nokkrar umræður fóru fram um málið. Formaður tekur undir og leggur til að málinu verði lokið með tölvupóstsamskiptum.

9. Önnur mál

9.1 Söngkeppni framhaldsskólanna

Skólameistari gerði grein fyrir þátttöku nemenda MTR í söngkeppni framhaldsskólanna sem fram fór á Akureyri um síðustu helgi. Fulltúar skólans voru Birgitta Þorsteinsdóttir og Sunna Björg Valsdóttir og stóðu þær sig með þryði og eiga þakkir skildar. Ljóst er að atriðið vakti athygli á skólanum og hefur orðið honum til framdráttar og mikillar kynningar. Sunna Björg tók undir það

og sagði að þær hefðu farið í mörg viðtöl og atriði þeirra hefði vakið mikla athygli. Þá er ljóst að atriðið var innlegg til málefna samkynhneigðra og styrkir jafnréttisbaráttu þeirra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00

Fundargerð ritaði
Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir